

Góðan daginn.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tók frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða fyrir á fundi sínum 29. maí og bókaði eftirfarandi umsögn undir dagskrárlið nr. 7:

„7. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Umsögn sveitarstjórnar:

Almennt.

Frumvarpið gengur gegn stefnu Sambands íslenskra sveitarfélga um forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum.

Mikill munur er á hvort verið er að skipuleggja úthafssvæði eða innfirði. Þar sem svæðisskipulagsnefndir eru til staðar, t.d. í Eyjafirði, væri eðlilegt að hægt sé fela nefndinni hlutverk svæðisráðs við skipulag afmarkaðs svæðis, t.d. Eyjafjarðar, eftir atvikum með viðbótarmönnun frá ráðuneytum. Einfalt væri að bæta þessum möguleika við lögin.

2. gr.

Gildissvið laganna nær 30 metra inn fyrir stórstraumslóðlínu og gengur þar með inn á skipulagssvæði sveitarfélaga sem miðast við netalög. Hætt er við að þetta geti skapað óvissu og flækt skipulagsmál þegar fram í sækir og væri eðlilegra að gildissvið laganna næði að netalögum, 115 m. utan stórstraumsfjöru, eins og skipulagssvæði þeirra.

5. gr.

Lokamálsgreinin hljóðar svo: *“Samþykki meirihluta fulltrúa þarf til að mál sem eru til afgreiðslu í svæðisráði teljist samþykkt, þó þannig að allir fulltrúar ráðuneyta í svæðisráði séu samþykkir afgreiðslunni.”*

Með síðari hluta málsgreinarinnar er virkur atkvæðisréttur í raun tekinn af fulltrúum sveitarfélagastigsins. Gengur það þvert gegn anda laganna um samráð og samræmi við skipulag sveitarfélaga.

Það er í raun fáheyrt að sett sé í lög að meirihluti atkvæða gildi við afgreiðslu mála, en jafnframt kveðið á um hverjir nefndarmanna skuli skipa þann meirihluta! Verður að telja þetta ótrúlegt vantraust og virðingarleysi gagnvart sveitarstjórnarstiginu. Ef Alþingi treystir sér ekki til að fella brott síðari hluta málsgreinarinnar væri hreinlega að kalla fulltrúa sveitarfélagastigsins áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt, sem þeir eru þá í raun eins og frumvarpið er fram sett.

Að lokum er rétt að taka fram að sveitarstjórn telur mikla þörf á lögum um skipulag á sjó, ekki síður en á landi, en mikilvægt er að samræmi sé í lögum um skipulagsmál, og ekki sé hætta á mistúlkun eða árekstrum milli laga.“

Framangreindri umsögn er hér með komið á framfæri.

Besta kveðja,



Þróstur Friðfinnsson
sveitarstjóri Grýtubakkahrepps
s. 414 5400 / 894 4650

throstur@grenivik.is